

AUGLÝSING

um umferð í Garðabæ.

Samkvæmt heimild í a-lið 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnarinnar í Garðabæ ákveðst bann við lagningu ökutækja í Krókamýri, beggja vegna götunnar. Bannið taki gildi 1. júlí 1992.

Bæjarfógetinn í Garðabæ, 15. apríl 1992.

Már Pétursson.

REGLUGERÐ

um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og sjúkra barna.

1. gr.

Framfærendur fatlaðra og sjúkra barna frá þriggja mánaða og allt að 16 ára aldri, sem dvelja í heimahúsi, eiga rétt á fjárhagslegri aðstoð, ef sjúkdómur eða andleg eða líkamleg hömlun hefur í för með sér sannanleg tilfinnanleg útgjöld eða sérstaka umönnun og gæslu.

2. gr.

Með hugtakinu fatlað barn er átt við barn sem vegna greindarskerðingar, geðrænna truflana eða líkamlegrar hömlunar þarf sérstaka þjálfun og aðstoð á uppvaxtarárum sínum.

Með hugtakinu sjúkt barn er átt við barn, sem þarfnast læknisfræðilegrar meðferðar vegna alvarlegs og/eða langvinnis sjúkdóms.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins úrskurðar og annast greiðslur þessar og metur læknisfræðilegar forsendur umsækjanda og fötlunar- eða sjúkdómsstig, sbr. 4. gr. Svæðisstjórnir málefna fatlaðra gera tillögur um greiðslur vegna þeirra barna, sem njóta þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Tillögur skulu berast Tryggingastofnun ríkisins eigi síðar en 14 dögum eftir að umsókn er lögð fram.

4. gr.

Greiða skal framfærendum fatlaðra og sjúkra barna styrk að hámarki kr. 9.092 miðað við 12 - 40 klst. þjónustu á mánuði, sbr. greiðsluviðmiðunartöflu.

Greiða skal framfærendum fatlaðra og sjúkra barna umönnunarbætur, miðað við 40 - 175 klst. þjónustu á mánuði, sbr. greiðsluviðmiðunartöflu. Tryggingaráði er heimilt að hækka viðmiðun í allt að 200 klst., mæli sérstakar ástæður með því að mati tryggingayfirlæknis eða svæðisstjórnar. Hámarksfjárhæð greiðslu fyrir 175 klst. umönnun á mánuði er kr. 47.111,00 frá 1. janúar að telja. Dagleg þjónusta, sem barn fær utan heimilis skerðir umönnunarbætur.

Heimilt er að meta til hækkunar greiðslna, ef um sannanleg tilfinnanleg útgjöld er að ræða, t.d. mikinn ferða- og dvalarkostnað vegna læknismedferðar. Einnig er heimilt að úrskurða framfærendum fatlaðra og sjúkra barna bifreiðastyrk, sbr. 20. gr. laga um almannatryggingar.

Við útreikning á greiðslum til framfærenda er eftirfarandi viðmiðun lögð til grundvallar, byggð á upplýsingum frá greiningaraðila, þjónustustofnunum og framfærendum: